

LÖG
um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum
(úthlutun tollkvóta).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fállist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 12. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „innflutningsverðs“ í 2. málsl. kemur: að teknu tilliti til heildsöluálagningar.
- b. Á eftir 2. másl. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Þó skal tollur ekki vera hærri en 45% af ákveðnum magntolli samkvæmt tollskrá.
- c. Við 3. másl. bætist: og að viðbættri heildsöluálagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. janúar 2014.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.
(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.